

Merkingar fóðurefna (hráefni til fóðurgerðar)

- Tegund fóðurs. Ef fóðurefnið er merkt með heiti sem skráð er í fóðurefnaskránni skal það merkt með upplýsingunum sem þar koma fram í dálkinum „lögboðnar upplýsingar“, sbr. 8. lið A -hluta reglugerðar [nr. 2017/1017/ESB](#)
- Heiti fóðurefnis samkvæmt fóðurefnaskránni, reglugerð [nr. 2017/1017/ESB](#)
- Ef um er að ræða forblöndur skal orðið „forblanda“ koma fram á merkimiðum
- Nafn og heimilisfang fóðurfyrirtækisins sem ber ábyrgð á merkingum
- Samþykkisnúmer (auðkennisnúmer) starfsstöðvar (sbr. reglugerð [nr. 183/2005/EB 10. gr. \(107/2010\)](#) eða [nr. 1069/2009/EB, 23. og 24. gr. \(674/2017\)](#))
- Tilvísunarnúmer lotu eða framleiðslueiningar
- Nettómagn sem þyngd eða rúmmál
- Skyldubundnar upplýsingar eins og koma fram í fóðurefnaskránni, reglugerð [nr. 1017/2017/EB](#), eða V. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#)
- Séu aukefni í fóðurefninu skal koma fram
 - Tegundir eða flokka dýra sem fóðurefnið er ætlað fyrir ef aukefnin, sem um er að ræða, hafa ekki verið leyfð fyrir allar dýrategundir eða þau hafa verið leyfð með hámarksgildum fyrir sumar tegundir
 - Leiðbeiningar um rétta notkun í samræmi við 4. lið II. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#) þar sem hámarksinnihald viðkomandi aukefna er fastsett
 - Lágmarksgeymslupól aukefnanna
 - Kennitala aukefna og heiti virka hópsins skv. VI. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#)
- Fóðurefnum í lausri vigt eða óinnsigliðum umbúðum skulu fylgja skjal sem inniheldur merkingaupplýsingar skv. 2. mgr. 23. gr. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#).
- Rakainnihald skv 6. lið I. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#) svo fremi að það sé ekki tilgreint í fóðurefnaskránni
- Aska óleysanleg í HCl ef hún er >2,2%
- Merkingar læsilegar og ekki villandi
- Fullyrðingar mega einungis vera ef sýnt sé fram á þær með vísinda eða lagalegum rökum
- Ef fóðurhráefni er unnið úr erfðabreyttum lifverum skal það koma fram á merkingum skv. reglugerð nr. [1237/2014/EB](#)

Merkingar fóðurblandna

- Tegund fóðurs
 - Heilfóður.
 - Fóðurbætir
 - Sérfóður
 - Staðgöngumjólk
 - Gæludýrafóður fyrir önnur gæludýr en ketti og hunda má koma „fóðurblanda“ í stað „heilfóður“ eða „fóðurbætir“. (reglugerð (EB) [nr. 767/2009](#), 15. gr. a)
- Nafn og heimilisfang fóðurfyrirtækisins sem ber ábyrgð á merkingum. Ef um er að ræða gæludýrafóður skal koma fram símanúmer eða annar samskiptamiðill
- Samþykkisnúmer (auðkennisnúmer) starfsstöðvar (sbr. reglugerð. [nr. 183/2005/EB 10. gr. \(107/2010\)](#) eða [nr. 1069/2009/EB 23. og 24. gr. \(674/2017\)](#))
- Tilvísunarnúmer lotu eða framleiðslueiningar
- Nettómagn sem þýngd eða rúmmál
- Lágmarksgeymslupól
- Skrá yfir fóðurefnin sem fóðrið er samsett úr, með fyrirsögninni „samsetning“ og heiti hvers fóðurefnis í samræmi við a-lið 1. mgr. 16. gr. eru talin upp í lækkandi röð eftir þýngd, reiknað út frá rakainnihaldi í fóðurblandunni, í þeirri skrá má tilgreina hundraðshluta miðað við þýngd, og lögboðnar yfirlýsingar sem kveðið er á um í II. kafla VI. eða VII. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#), eftir því sem við á
- Skrá yfir fóðuraufefni á undan fyrirsögninni „aukefni“ í samræmi við I. kafla VI. eða VII. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#), eftir því sem við á, og með fyrirvara um ákvæði um merkingar sem mælt er fyrir um í lagagerningnum þar sem veitt er leyfi fyrir viðkomandi fóðuraufefni, og rakainnihald í samræmi við 6. lið I. viðauka
- Séu aukefni í fóðurblandunni skal koma fram
 - Tegundir eða flokka dýra sem fóðrið er ætlað fyrir ef aukefnin, sem um er að ræða, hafa ekki verið leyfð fyrir allar dýrategundir eða þau hafa verið leyfð með hámarksgildum fyrir sumar tegundir
 - Leiðbeiningar um rétta notkun í samræmi við 4. lið II. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#) þar sem hámarksinnihald viðkomandi aukefna er fastsett
 - Kennitala aukefna og heiti virka hópsins skv. VI. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#)
 - Ef varúðarkröfur eru gerðar fyrir aukefni í fóðurblandunni skal það koma fram á merkingum.
 - Dæmi fyrir fóður sem inniheldur hníslalyf: „*Hættulegt dýrum af hestaætt*“.
- Fóðurblandum í lausri vigt eða óinnsigliðum umbúðum skal fylgja skjal sem inniheldur merkingaupplýsingar skv. 2. mgr. 23. gr. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#).
- Rakainnihald skv. 6. lið I. viðauka reglugerðar [nr. 767/2009/EB](#).
- Notkunarleiðbeiningar ef um er að ræða sérfóður skv. reglugerð [nr. 2020/354/ESB](#)
- Merkingar læsilegar og ekki villandi. Merkingar skulu vera á íslensku. Gæludýrafóður má þó vera merkt á ensku eða norðurlandamáli

- Fullyrðingar mega einungis vera ef unnt er að sýnafram á þær með vísinda eða lagalegum rökum
- Ef innihaldsefni er unnið úr erfðabreyttum lifverum skal það koma fram á merkingum skv. reglugerð [nr. 1237/2014/EB](#)

Merkingar forblandna

- Tegund fóðurs
 - Merkja "FORBLANDA"(með hástöfum)
 - Íblöndunarefni til votheysgerðar skulu merkt: „Forblanda,íblöndunarefni til votheysgerðar“
- Burðarefni.
 - Tilgreinið samkvæmt skrá yfir fóðurefni. Ef vatn er burðarefni skal tilgreina vatnsinnihaldið
- Innihald aukefna
 - Heiti virka hópsins sem kemur fram í leyfi aukefnisins. Aukefni sem tilheyra sama flokki/virkum hópi ætti að skrá saman. Heiti og kenninúmer aukefnisins. Það er heiti og kenninúmer aukefnisins sem það fær við skráningu. Sjá nánar í EU register : <https://ec.europa.eu/food/food-feed-portal/screen/feed-additives/search>
 - Tilgreina skal magn hinna ýmsu aukefna. Magneiningin er sú sem kveðið er á um í leyfinu fyrir aukefninu
- Nafn og heimilisfang fóðurfyrirtækisins sem ber ábyrgð á merkingum
- Samþykkisnúmer (auðkennisnúmer) starfsstöðvar (sbr. reglugerð. [nr. 183/2005/EB 10. gr. \(107/2010\)](#))
- Notkunarleiðbeiningar
 - Tilgreina skal sértækar kröfur um merkingar sem kemur fram í viðkomandi reglugerð um leyfi fyrir aukefni. Eitt dæmi er að merkja á forblöndu með monesin sodium (reglugerð [nr. 495/2011/EB](#)) : „Hættulegt dýrum af hestaætt“.
- Tilvísunarnúmer lotu eða framleiðslueiningar
- Nettómagn sem þyngd eða rúmmál
- Lágmarksgeymsluþol.